



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

18. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 23. júní kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Jón Bjarnason sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað, Páll Jóhannsson í forföllum Daða Geirs Samúelssonar og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn þau: Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – yfirmaður eignasjóðs.

Sundlaugin á Flúðum – infra-rauði klefinn var að koma á staðinn og verið er að vinna við tengingar. Hægt verður að hefja notkun hans vonandi í vikunni.

Félagsheimilið – ráðhús og bókasafn – þar er verkið um mánuði á eftir því sem gert var ráð fyrir. Þó er ekki ómögulegt að hægt verði að flytja ráðhúsið á efri hæðina í kjölfar sumarfrís þó að bókasafnið dragist eitthvað. Lyftan kemur í lok mánaðar og uppsetning hennar verður í byrjun næsta mánaðar. Málari mun mæta í vikunni til að mála efri hæðina.

Salerni Flúðaskóla – verktakinn mun hefja störf þar um leið og smuga gefst frá ráðhúsinu.

Félagsmiðstöðin í Flúðaskóla – málun hefst fljótlega og smíði veggja. Kaup og uppsetning innréttinga og lokafrágangur á svæðinu þarf að eiga sér stað í byrjun ágúst.

Leikskóladeild í ráðhúsið – starfsemi þarf ekki að hefjast fyrr en undir lok árs en mikilvægt er að gengið sé frá girðingu, vagnageymslu/leikfangageymslu og leiktækjum fyrir veturinn.

Gámasvæðið – þar er unnið að uppfyllingu að veggjaeiningunum og unnið að frágangi. Það verk klárast í næstu viku. Magn fyllingar og vinna við að dreina svæðið er meiri en búist var við og ljóst að verkið er að fara nokkuð fram úr áætlun. Mun verða óskað eftir aukafjárveitingu vegna þessa. Jafnframt leggur yfirmaður eignasjóðs til að malbikun svæðisins verði frestað til næsta árs. Verið er að kanna kosti varðandi girðingar í kringum svæðið og hlið.

Úlit hringtorganna – blóm munu verða sett í miðbæjarhringtorgið á morgun. Forsvarsmenn Golfklúbbs Flúða hafa lagt fram hugmynd um útlit á hinu hringtorginu og er sveitarstjóra og yfirmanni eignasviðs falið að ræða við golfklúbbsinn og Vegagerðina um mögulegar framkvæmdir og endurbætur á útliti hringtorgsins.

Kjallari Hrunamannavegar 3 – verið er að leggja gólfefni og húsnæðið verður því tilbúið á næstu vikum.

P.f
EES
Elin

KA
JK

BOV

Skáli í Svínárnesi – búið er að panta húsið og framkvæmdir við undirstöður og plötu munu hefjast í lok vikunnar. Stefnt er að verklokum í haust.

2. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – veitustjóri.

Hrafnkelsstaðir 5A – allar tengingar að húsinu eru komnar en heildarmagn lagna er um 1 km.

Iðjuhlóð – framkvæmdir við breytingu á eldri lögnum vegna breytinga á heimtaugum eru að hefjast en enn eru lausamunir á svæðinu sem tefja framkvæmdir. Leggja þarf nýjan háspennustreng og eins þarf að breyta öllum veitulögnum. Mikilvægt er að þessi kostnaður sé hafður í huga við allar breytingar á deiliskipulagi.

Vatnsveita, Ásabyggð – verið að er skipta út stofnlögn í Ásabyggð sem nýtast mun þegar ný lög kemur frá Blákvísl og að vatnstanki í Högnastaðaás. Jafnframt er settur einn nýr brunahani (180mm) í hverfið sem er mikil bót og öryggi frá því sem verið hefur.

Birkihlíð – þar þurfti að breyta lögnum vegna breytts deiliskipulags. Er verkinu lokið.

Samkvæmt deiliskipulagi á að vera gangstétt norðan við götuna. Einhverjir húseigendur eru nú að ganga frá bílplönnum.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að malbikuð verði gangstétt frá gatnamótum Birkihlíðar og Reynihlíðar og út fyrir hús nr. 8-10 við Birkihlíð. Kostnaður er talinn vera í kringum 5 m.kr.

Hitaveita Sunnuhlíð – endurnýjun frá Hvammsvegi, gegnum land Sunnuhlíðar og upp á Högnastíg er að fara í gang en dráttur hefur orðið á afhendingu efnis.

Salerni við Íþróttavöllinn – ekki hefur verið hægt að taka salernið í notkun þar sem Rarik hefur ekki tengt heimtaugina. Nefndin leggur ríka áherslu á að salernið verði tengt og tekið í notkun hið allra fyrsta.

3. Fyrirkomulag um útsendingu og birtingu reikninga Hitaveitu Flúða.

Lagt fram minnisblað þar sem gerð er grein fyrir mismunandi leiðum við útsendingu og birtingu reikninga Hitaveitu Flúða en ekki er lengur mögulegt að birta reikninga í banka með þeim hætti sem verið hefur.

Nefndin samþykkir að Hitaveita Flúða geri samning við Vigor ehf um fullt aðgengi viðskiptavina að „mínum síðum“ þar sem notandi skrái sig inn með rafrænum skilríkjum og hafi þar með aðgengi að álestrarsögu, hreyfingayfirliti og fleiru.

4. Drög að skýrslu Guðmundar Daníelssonar um vatnsveitu frá Blákvísl lögð fram til kynningar.

Nefndin þakkar greinargóða og ítarlega skýrslu sem er góður grunnur að frekari ákvörðunum í málinu. Nefndin gerir engar athugasemdir við efni skýrslunnar og samþykkir að skýrslan verði lögð fyrir sveitarstjórn í núverandi mynd. Jafnframt samþykkir nefndin að leggja til við sveitarstjórn að ráðinn verði nú þegar aðili til að vinna nauðsynleg gögn varðandi ákvörðun um matskyldu og hvernig verkefnið fellur að nýjum reglum um vatnshlot.

5. Ársreikningur Flúðaorku (ósamþykktur)

Reikningurinn lagður fram til kynningar en aðalfundur félagsins verður haldinn í lok vikunnar.

P. f.
KEA
EES JC
Cllc

Bo ✓

6. Ársreikningur Hitaveitu Grafarhverfis (samþykktur)

Reikningurinn lagður fram til kynningar en aðalfundur félagsins var haldinn nýlega.

7. Erindi og ábendingar frá íbúum.

Högnastígur – erindi frá Erlu Björgu Arnardóttur þar sem óskað er eftir úrbótum á því ástandi sem hefur skapast vegna vatnsflaums og efnis sem streymir niður Högnastíginn í miklum vatnsveðrum.

Nefndin tekur undir mikilvægi þess að bætt verði úr þessu ástandi. Veitustjóra falið að ráðast í þær úrbætur sem hann kynnti á fundinum og að verkinu verði lokið eigi síðar en í júlí mánuði n.k.

Dælustöð Ásatúni – ábending hefur borist um hvítleitt hátíðnihljóð sem berst frá dælustöðinni. Veitustjóri gerði grein fyrir að rafvirki hefur ítrekað verið fenginn til að skoða dæluna sem gefur frá sér þetta hljóð en hann hefur ekki fundið ástæðu hljóðsins. Einnig hefur verið rætt við sérfræðinga á þessu sviði, HD iðn- og tæknilausnir ehf, sem ætla að koma með mælibúnað og kanna hvað veldur. Vert er að geta þess að dælan er ný, sett niður í fyrra.

Nefndin felur veitustjóra að kanna málið betur og leita leiða til lausna.

8. Verkfundargerðir

- Röðulstangi – gatnagerð – frá 28. maí 2025
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 27.maí 2025
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 11. júní 2025
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:16.

Bjarney Vignisdóttir
Pæi Jóhannsson
Eva Eyfrún Sigurðsson
KOLBRUN HARALDSDÓTTIR
Cannan
Hannibal
Alldi Halldórsson